



ÍSAFJÖRÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 450 8000

Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjörður, 28. maí 2020
2020030081

Efni: Sundlaug Flateyrar, þakviðgerð

Fimmtudaginn 28. maí sl., kl: 11:00 voru opnuð tilboð í verkið „Sundlaug Flateyrar, þakviðgerð“ um er að ræða endurbætur á þaki sundlaugarinnar á Flateyri. Fjarlægja þarf og farga stærstum hluta þaksins, að undanskyldum límrébitum, vegna skemmda sem orðið hafa á því vegna vatnsleka og rakaskemmda. Byggja skal þakið upp að nýju en þá að nokkru með breyttum útfærslum frá því sem nú er. Einnig þarf að vinna nokkrar lagfæringar innanhús, í sundlaugarbyggingunni, vegna skemmda sem orðið hafa vegna leka og raka. Svo sem á lofti yfir svölum, plötuklæðningu á einum útvegg sundlaugarsalar, málun sundlaugar og veggja og lofts sundlaugarsalar.

Þrjú tilboð bárust í verkið frá þremur aðilum og eru eftirfarandi eftir yfirferð.

Verktaki	Tilboð	Hlutfall
Geirnaglenn ehf.	48.970.790.-	99%
Gamla spýtan ehf.	57.709.550.-	116%
Rörás ehf.	83.049.894	167%

Kostnaðaráætlun 49.687.300

Undirritaður leggur til að samið verði við Geirnaglann ehf. á grundvelli tilboðs þeirra að upphæð 48.970.790.- kr.

Virðingarfyllst,

Axel Rodríguez Verby
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

SVIÐSSTJÓRI